

## Reglur Vesturbyggðar um leyfisveitingu til daggæslu barna í heimahúsum

1.gr.

Félagsmálanefnd veitir leyfi til dagvistunar í heimahúsi í samræmi við reglugerð frá Félagsmálaráðuneyti nr. 198/1992.

2.gr.

Umsækjandi skal hafa náð 20 ára aldri, hafa reynslu og/eða menntun á sviði uppeldismála og hafa sótt slysavarnarnámskeið.

3.gr.

Umsækjandi skal skila inn yfirliti yfir náms- og starfsferil ásamt tveimur umsögnum eða gefa upp tvo meðmælendur. Skal a.m.k. annar vera fyrirverandi atvinnuveitandi.

4.gr.

Læknisvottorð skal fylgja með umsókn fyrir alla heimilismenn þar sem fram kemur að heimilismenn hafi verið skoðaðir og þar komi ekkert fram sem geti hindrað samvistir þeirra við börn.

5.gr.

Með umsókn skal fylgja sakavottorð umsækjanda og maka. Heimilt er að fara fram á sakavottorð allra sakbærra einstaklinga á heimilinu

6.gr.

Umsækjandi skal skila inn umsögn barnaverndarnefndar eða gefa leyfi sitt til þess að hennar verði aflað. Umsögn barnaverndarnefndar skal staðfesta að nefndin geri ekki athugasemdir við að umsækjandi og aðrir heimilismenn hafi börn í sinni umsjá.

7.gr.

Með umsókn þarf að fylgja vottorð um skoðun eldvarnareftirlits á heimili umsækjanda.

8.gr.

Umsækjandi skal skila inn skriflegu samþykki maka fyrir rekstri daggæslu á heimilinu.

9.gr.

Búi umsækjandi í leiguhúsnæði þarf að leggja fram skriflegt samþykki leigusala fyrir starfsemi í viðkomandi húsnæði.

10.gr.

Hægt er að óska eftir úttekt heilbrigðiseftirlits á heimili umsækjanda.

11.gr.

Lágmarksleikrými og hvíldaraðstaða auk annarrar aðstöðu skal vera í samræmi við reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 198/1992.

12.gr.

Dagforeldri sem tekur börn í vistun yfir hádegisverðartíma skal gefa út matseðil fyrirfram fyrir hvern mánuð. Matseðill skal vera í samræmi við leiðbeiningar Lýðheilsustöðvar. Foreldrar bera ábyrgð á því að fylgjast með matseðli. Sé barn haldið fæðuóþoli skal foreldri upplýsa dagforeldri um það.

13.gr.

Dagforeldri og foreldrar barns skulu gera með sér skriflegan samning um vistun barns þar sem fram koma upplýsingar um foreldra, barn og daglegar venjur þess, heildarkostnað við daggæslu hjá dagforeldri og upphæð niðurgreiðslu. Skal foreldri kvitta fyrir vistu barns síns mánaðarlega á þar til gert eyðublað.

14.gr.

Ef barn er vanhirt og/eða á við líkamlega eða andlega örðugleika að stríða ber dagforeldri að ræða það við foreldra. Verði dagforeldri vart við að barn sé vanhirt, uppeldi þess eða aðbúnaði sé ábótavant ber að tilkynna það til barnaverndaryfirvalda sbr. Barnaverndarlög nr. 80/2002.

15.gr.

Dagforeldri skal ávallt bera hag barns í þess umsjá fyrir brjósti og hlúa að velferð þess á meðan gæslu stendur. Óheimilt er að beita barn andlegri eða líkamlegri hirtingu.

16.gr.

Dagforeldrar mega ekki aka börnum í þeirra umsjá í einkabíl án skriflegs leyfis foreldra.

17.gr.

Dagforeldrar skulu ekki taka í gæslu börn sem eru með hita eða bera greinileg vanlíðunareinkenni vegna veikinda. Dagforeldri skal strax hafa samband við foreldra ef grunur vaknar um að barn í forsjá þess sé að veikjast.

18.gr.

Verði dagforeldrar og foreldrar uppvísir að rangfærslum við tímaskráningar barna vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum verður dagforeldri svipt leyfi til daggæslu með mánaðar fyrirvara og niðurgreiðslur til viðkomandi foreldra falla niður.

19.gr.

Við mat umsóknar skal tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- a. Menntunar, hæfni og starfsreynslu dagforeldris.
- b. Húsnæðis og annarrar aðstöðu sem nýta á til daggæslu.
- c. Aldurs barna og viðverutíma.

Leyfi til daggæslu er afturkallanlegt, eða hægt að synja til endurnýjunar, ef forsendur leyfisveitingar breyta. Berist kvartanir um leyfishafa til sveitarfélagsins ber að kanna gildi þeirra og bregðast við í samræmi við það. Hlýti daggæsluaðili ekki leiðbeiningum um úrbætur eða fari ekki eftir reglum þeim sem hér eru settar getur félagsmálanefnd umsvifalaust afturkallað útgefið leyfi.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 17. október 2007.